

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi á sterkum chilepipar og afurðum úr honum.

#### 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- og/eða fínmöluðum sterkum chilepipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum sem ætlaðar eru til manneldis.

#### 2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innihalda litarefnið Sudan 1 séu ekki til dreifingar hér á landi.

#### 3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins þurrkaðan, gróf- eða fínmalaðan sterkan chilepipar af ættinni *Capsicum* eða afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki litarefnið Sudan 1.

#### 4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki Sudan 1 litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

#### 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og öðlast gildi við birtingu. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII kafla, II. viðauka (2003/460/EB).

*Umhverfisstofnunin, 3. júlí 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*